

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1850**2020/EES/5/47****frá 21. nóvember 2018****um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 („Гроздова ракия от Търговище/Grozdova rakya ot Targovishte“ (GI) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ⁽¹⁾, einkum 8. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin tók til athugunar umsókn Búlgaríu um skráningu á landfræðilegu merkingunni „Гроздова ракия от Търговище/Grozdova rakya ot Targovishte“ í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008.
- 2) Þar eð framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008, birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽²⁾ skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Þar eð framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 ætti að skrá merkinguna „Гроздова ракия от Търговище/Grozdova rakya ot Targovishte“ sem landfræðilega merkingu í III. viðauka við þá reglugerð.
- 4) Heitið, eins og það var birt í Stjórnartíðindunum til að hægt væri að leggja fram andmæli, inniheldur umritunarvillu. Eftir að sú villa hefur verið leiðrétt ætti að birta leiðréttu útgáfu af meginskilgreiningunum í tækniskjalinu til upplýsinga.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 bætist við eftirfarandi færsla undir vöruflokknum „Brennt vín“:

„Brennt vín	<i>Гроздова ракия от Търговище/Grozdova rakya ot Targovishte</i>	Búlgaría“
-------------	--	-----------

2. gr.

Leiðréttu útgáfan af meginskilgreiningunum í tækniskjalinu er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 302, 28.11.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB C 294, 5.9.2017, bls. 15.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Phil HOGAN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

MEGINSKILGREININGIN Í TÆKNISKJALINU

„ГРОЗДОВА РАКИЯ ОТ ТЪРГОВИЩЕ“/„GROZDOVA RAKYA OT TARGOVISHTE“

ESB nr.: PGI-BG-01864 – 7.1.2014

1. **Landfræðileg merking sem á að skrá:** „Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“

2. **Flokkur brenndra drykkja:** Brennt vín

3. **Lýsing á brennda drykknum:**

3.1. **Eðlisfræðilegir eiginleikar, efnafræðilegir eiginleikar og/eða skynmatseinkenni**

Brennt vín með landfræðilegu merkinguna „Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“ er fölgult á litinn, með ljúfan ilm af vanillu og milt, samstillt bragð. Hin sérstöku eðlisefnafræðilegu einkenni þess og skynmatseinkenni stafa af eftirtöldum þáttum: hráefnunum, landsvæðinu, framleiðsluaðferðinni og mannlegum þáttum, sem fela í sér beitingu góðra framleiðsluhátta sem sameina hefðir og nútímataekni.

3.2. **Sérstakir eiginleikar (samanborið við brennda drykki í sama flokki)**

Brennt vín með landfræðilegu merkinguna „Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“ er framleitt með hefðbundinni búlgarskri aðferð og hefur eftirtalda eðlisefnafræðilega eiginleika:

— lágmarksalkóhólstyrkleiki drykkjarins er 40% miðað við rúmmál,

— innihald rokkgjarnra efna (þ.m.t. stærri alkóhóla, heildarsýra, estera, og aldehýða) er 267–365 g/hl af 100% vínanda miðað við rúmmál,

— hámarksinnihald metanóls er 120 g/hl af 100% vínanda miðað við rúmmál.

Viðurinn sem notaður er í tunnurnar, sem notaðar eru til að þroska eimið, og ölkelduvatnið, sem er notað til að þynna véineimið eftir mykingu, hafa einnig áhrif á einkennandi bragð drykkjarins.

4. **Landsvæði sem um ræðir:**

Brennt vín með landfræðilegu merkinguna „Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“ er framleitt í héraðinu Targovishte sem er staðsett á austurhluta Dónárléttunnar. Vínegrurnar eru staðsettar í sveitarfélaginu Targovishte, á svæðum sem tilheyra eftirtöldum sex þorpum: Kralevo, Dalgach, Ovcharovo, Pevets, Strazha og Ruets.

5. **Aðferð við vinnslu brennda drykkjarins:**

Brennt vín með landfræðilegu merkinguna „Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“ er framleitt úr eftirtöldum þrúguyrkjum:

— hvít — Chardonnay, Rkatsiteli, Muscat Ottonel, Dimyat, Tamyanka, Traminer, Sauvignon Blanc, Aligoté, Riesling Italice,

— rauð — Cabernet Sauvignon og Pamid.

Framleiðslan hefst á tínslu þrúganna, sem eru flokkaðar eftir yrki, almennu útliti og sykurrinnihaldi og síðan pressaðar. Maukið sem þannig verður til er bleytt upp í síum sem snúast í 4–12 klukkustundir. Þrúgumustið er síðan grugghreinsað og grugghreinsuðu þættirnir fluttir til gerjunar. Alkóhólgerjun á sér stað á u.þ.b. 20 dögum við hitastig á bilinu 14–18 °C. Eimið sem fæst fer í gegnum einfalda eða tvöfalda eimingu í K-5 eimingarsúlu þar til það nær 65% vínanda miðað við rúmmál. K-5 eimingarkerfið er búlgörsk hönnun. Brennda vínið sem til verður er geymt í aðskildum rýmum til þroskunar í eikartunnum og blöndunar.

6. **Tengsl við landfræðilegt umhverfi eða uppruna:**

6.1. **Upplýsingar um landsvæðið eða upprunann sem varða tengslin**

Landsvæðið er aðallega hæðótt eða öldótt. Meðallandhæð er 200–520 m yfir sjávarmáli. Þar ríkir milt temprað meginlandsloftslag með áhrifum frá hafi. Haustin eru hlý, þurr og löng sem er mjög hagstætt fyrir uppsöfnun sykra í þrúgunum. Árlegur meðalhitni á svæðinu er u.þ.b. 10,7 °C. Hvað varðar árlega meðalúrkomu er mesta úrkomu oftast seint á vorin og snemma sumars. Jarðvegurinn á svæðinu er sendin, myldin svartjörð og grár skógarjarðvegur.

6.2. Sérstakir eiginleikar brennda drykkjarins sem rekja má til landsvæðisins

Brennt vín með landfræðilegu merkinguna „Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“ er framleitt í héraðinu Targovishte þar sem svæðislýsing, jarðvegur og loftslag skapa í sameiningu kjöraðstæður fyrir ræktun á gæðaþrúgunum sem ná hámarksþroska. Margir af einkennandi eiginleikum drykkjarins stafa af sérstakri eik af tegundinni *Quercus Frainetto* (ungversk eik) sem tunnurnar, sem notaðar eru til að þroska eimið, eru gerðar úr. Mýkt ölkelduvatn frá Boaza-lindinni, sem er 8 km suðvestur af borginni Targovishte, er notað til að þynna eimið. Síðari blöndun leiðir af sér gæðavöru með stöðug skynmatseinkenni — fölgulan lit, ljúfan ilm af vanillu og milt, samstillt bragð. Bragðbætandi efni sem eru í þrúgunum, sem draga fram ilmvönd og angan drykkjarins, eru varðveitt með því að nota bæði hefðbundnar og nútímalegar framleiðsluáðferðir.

7. Ákvæði Evrópusambandsins eða innlend/svæðisbundin ákvæði:

Í Búlgaríu er málsmeðferðin við samþykki á brenndum drykkjum með landfræðilega merkingu sett fram í VII. þætti, „Framleiðsla brenndra drykkja með landfræðilega merkingu“ í 9. kafla „Brenndir drykkir“ í lögnum um vín og brennda drykki (ZVSN) sem birt voru í Stjórnartíðindum nr. 45 frá 15. júní 2012.

„Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“ var samþykkt sem brennt vín með landfræðilega merkingu með fyrirætlum ráðherra efnahagsmála nr. T-RD-27-13 frá 27. nóvember 2013, sem voru birt á vefsetri ráðuneytis efnahagsmála: <http://www.mi.government.bg/bg/library/zapoved-za-utvarj-davane-na-vinena-destilatna-spirtna-napitka-grozdova-rakiya-s-geografsko-ukazanie-t-68-c28-m361-1.html>.

8. Umsækjandi:

Aðildarríki, þriðja land eða lögaðili/einstaklingur: **Република България, Министерство на икономиката/ Lýðveldið Búlgaríu, ráðuneyti efnahagsmála.**

— Fullt heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land):

гр. София 1052, ул. „Славянска“ № 8, Република България/8 ul. Slavyanska, 1052 Sofia, Búlgaríu

9. Sérstækar reglur um merkingar:

Mælt er fyrir um reglur um merkingar á brenndum drykkjum með landfræðilegar merkingar, sem framleiddir eru í Búlgaríu og ætlaðir fyrir búlgarskan markað, í 1. mgr. 170. gr. og 1. mgr. 172. gr. í lögum um vín og brennda drykki.